

Fimmtudaginn 18. júní 1998.

Nr. 245/1998.

Ákærvaldið

(Egill Stephensen saksóknari)

gegn

Valtý Þórðarsyni

(Haraldur Blöndal hrl.)

Kærumál. Ávana- og fíkniefni. Gagnaöflun. Sönnunargögn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 5. júní 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 9. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 2. júní 1998, þar sem hafnað var kröfu varnaraðila um, að sóknaraðila yrði gert að leggja fram fíkniefni, sem lögregla lagði hald á 16. september 1996 við rannsókn máls á hendur varnaraðila. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hnekkð og lagt fyrir sóknaraðila að leggja fram í héraðsdómi fyrrgreind fíkniefni.

Sóknaraðili krefst þess, að úrskurður héraðsdóms verði staðfestur.

Eins og greinir í hinum kærða úrskurði, hefur sóknaraðili lagt fram ljósmyndir af haldlögðum fíkniefnum, en auk þess var ákærða og verjanda hans við fyrirtöku málsins 20. maí sl. gefinn kostur á að koma á lögreglustöð og sjá umrædd efni þar, en því var hafnað. Varnaraðili hefur ekki skýrt á neinn hátt, hvað hann hyggist frekar sanna í málinu við það, að efnin sjálf verði lögð fram í dóminum. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 2. júní 1998.

Ár 1998, þriðjudag 2. júní, er dómþing Héraðsdóms Reykjavíkur háð í Dómhúsinu við Lækjartorg af Júlíusi B. Georgssyni, settum héraðsdómara.

Fyrir er tekið sakamálið nr. 497/1998: Ákærvaldið gegn Valtý Þórðarsyni, og kveðinn upp úrskurður þessi.

Með ákæru, út gefinni 4. maí sl., höfðaði lögreglustjórinn í Reykjavík opinbert mál á hendur Valtý Þórðarsyni, kt. 140450-2869, Blómvallagötu 13, Reykjavík, „fyrir fíkniefnabrot með því að hafa aðfaranótt mánudagsins 16. september 1996 að Þórsgötu í Reykjavík haft í vörslum sínum 1,0 g af hassi og 0,1 g af amfetamíni, sem lögregla lagði hald á“. Er þess krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og gerð verði upptæk ofangreind fíkniefni.

29. desember sl. var gerð lögreglustjórásátt við ákærða vegna þessa máls, þar sem hann gekkst við sakargiftum og samþykkti að greiða 35.000 króna sekt og féllst á að sæta upptöku á 1,0 g af hassi og 0,1 g af amfetamíni. Sektin greiddist ekki, og varð að höfða mál þetta á hendur honum. Það var þingfest 15. maí sl., og sótti ákærði þá þing ásamt lögmanni, sem að ósk ákærða var skipaður verjandi hans. Ákærði kvaðst ekki vera reiðubúinn að tjá sig um sakarefnið að svo stöddu. Verjandi hans spurði, hvort fíkniefni þau, sem tilgreind eru í ákæru, væru þar í dóminum, en var tjáð, að svo væri ekki. Óskaði hann þá eftir, að efnanna yrði aflað og að þau lægju fyrir í dóminum. Var að svo búnu ákveðið að fresta málinu til 20. f. m.

Við fyrirtöku málsins þann dag lagði sækjandi fram ljósmyndamöppu, en í henni er að finna ljósmyndir af haldlögðum fíkniefnum, sem eru sögð vera þau hin sömu og mál þetta snýst um. Verjandi krafðist þess, að efni þau, sem til umfjöllunar eru, yrðu lögð fram í dóminum, en sækjandi bauð verjanda og ákærða að koma á lögreglustöð og sjá efnin þar. Því hafnaði verjandi og ítrekaði kröfu sína um framlagningu efnanna í dóminum. Af hálfu sækjanda var þeirri kröfu mótmælt og vísað til fram lagðrar ljósmyndamöppu. Þá benti sækjandi á, að í málum af þessu tagi hefði alltaf nægt að leggja fram ljósmyndir af þeim fíkniefnum, sem um sé fjallað hverju sinni. Vinnuregla væri hjá embætti lögreglustjóra, að fíkniefni færu ekki af lögreglustöðinni nema til efnagreiningar eða eyðingar.

Meðal gagna málsins er efnaskrá nr. 4996, en þar kemur fram, að annars vegar sé um að ræða brúnt hass, 1,0 g, og hins vegar hvítt efni, ætlað amfetamín, 0,1 g. Efnin hafi verið tekin til litaprófunar og gefið jákvæða svörun sem kannabis og amfetamín. Ljósmyndir í fram lagðri ljósmyndamöppu sýna tvo plastpoka, merкта 4996 A, sem sagður er hafa að geyma hass, og 4996 B, sem í sé amfetamín. Staðhæft er, að um sé að ræða fíkniefni, sem skráð voru á efnaskrá nr. 4996 17. september 1996.

Samkvæmt 46. gr. laga nr. 91/1991 metur dómari hverju sinni, hvort nægileg sönnun, sem ekki verði vefengd með skynsamlegum rökum, sé fram komin um hvert það atriði, sem varðar sekt og ákvörðun viðurlaga við

broti, þar á meðal, hvaða sönnunargildi skýrslur ákærða hafi, vitnisburður, mats- og skoðunargerðir, skjöl og önnur sýnileg sönnunargögn.

Tilvitnuð lagagrein verður ekki skilin svo, að sýnileg sönnunargögn þurfi í öllum tilvikum að liggja frammi í dóminum. Þannig styðst það við áratugalanga dómvenju að leggja ekki fram öll sýnileg sönnunargögn, sem aflað hefur verið við rannsókn opinberra mála. Má t. d. nefna, að haldlagður smyglvarningur er aldrei lagður fram við dómsmeðferð máls, og hið sama gildir um þýfi. Blóðsýni og önnur lífsýni, sem aflað hefur verið í sama tilgangi, eru einnig aldrei lögð fram. Sama máli gegnir um fíkniefni. Engin sérstök ástæða er því til að gera þá kröfu til ákærvalds, að það leggi fram í dómsmáli fíkniefni, sem haldlögð hafa verið við rannsókn máls. Að framanrituðu virtu verður niðurstaða dómsins sú, að hafna beri fram kominni kröfu um framlagningu þeirra fíkniefna, sem mál þetta snýst um.

Júlíus B. Georgsson, settur héraðsdómari, kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu ákærða, Valtýs Þórðarsonar, um framlagningu þeirra efna, sem lögregla lagði hald á 16. september 1996 við rannsókn máls á hendur honum, er synjað.